

34. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 26.5.2025

Fundartími: 16:30 – 18:00

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Örvar Jóhannsson varamaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Stígakerfi - breyting á 4. kafla í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030

Lögð fram ósk skipulagssviðs Garðabæjar varðandi breytingar sem ná til stígakerfis í 4. kafla aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030. Um er að ræða heildarendurskoðun á stígakerfi bæjarins og er áætluninni ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð, verkhönnun og uppbyggingu stíga í Garðabæ til framtíðar.

Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að stígar með samgönguhlutverk þurfi að vera greiðir, með eins litlum mishæðum og er unnt og vera beinir án óþarfa króka. Þeir þurfa jafnframt að vera öruggir og uppfylla kröfur um sjónvegalengdir og annað sem tíundað er í leiðbeiningum um hönnun fyrir reiðhjól sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðin hafa sammælt um að fylgja. Þá bendir heilbrigðiseftirlitið á að útivistarstígar á útivistarsvæðum þurfa að liggja í kyrrlátu umhverfi samanber ákvæði reglugerðar um hávaða.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2. Dagskrárliður: Hraun vestur - Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar - vinnslustigi

Lögð fram beiðni frá skipulagssviði Hafnarfjarðar þar sem óskað er umsagnar á tillögu á vinnslustigi vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Í tillögunni er gert ráð fyrir að breyta landnotkun í aðalskipulagi á skipulagssvæðinu Hraun Vestur úr athafnasvæði, verslun- og þjónusta, samfélagsþjónustu og íbúðabyggð í miðsvæði. Með þessu er ætlunin að breyta nýtingu á öllu svæðinu úr atvinnusvæði í blandaða byggð s.s. byggð sem býður upp á búsetu, atvinnustarfsemi og þjónustu, þ.e.a.s. að opna á möguleika á meiri fjölbreytileika á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlitið setur sig ekki gegn umræddri breytingu á aðalskipulagi, en sambland atvinnu- og íbúðarhúsnæðis á miðsvæðum getur leitt til ákveðinna vandkvæða í samneyti við íbúa. Í ljósi þessa þá kemur heilbrigðiseftirlitið með ákveðnar ábendingar í umsögn sinni. Heilbrigðiseftirlitið telur að við skipulag og væntanlega alla hönnun verði sérstaklega að taka tillit til hávaðamála. Miklar umferðaræðar afmarka skipulagssvæðið. Brýnt er að í skipulagi, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri

Handwritten signatures and initials in blue ink.

byggð atvinnustarfsemi og íbúða, sé hugað að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Þá leggur heilbrigðiseftirlitið áherslu á að tryggja þarf öruggar þveranir yfir Reykjavíkurveg þar sem fyrirhugað er að nýta grunnskóla vestan við Reykjavíkurveg.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsóknina.

3. Dagskrárliður: Stjórnsýslukæra Hreint ehf. og úrskurður Úrskurðanefndar Umhverfis- og auðlindamála

Lagður fram úrskurður ÚUA vegna kæru Hreint ehf. um að starfsemi þeirra væri starfsleyfisskyld. Úrskurður ÚUA var á þá lund að kærinni var vísað frá á grundvelli þess að heilbrigðisfullrúi hefði ekki heimild til að ákvarða lokun á grundvelli reglugerðar nr. 903/2024. Í 6. mgr. 44. gr. kemur fram að "heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar við framsal eftirlits og annað sem varðar valdsvið og þvingunarúrræði er eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar".

Í greinargerð foráðamanns Hreint ehf. er því haldið fram að það sé ekki í verkahring heilbrigðiseftirlits að skilgreina hvað sé þvottahús og hvað ekki. Það sé löggjafans að skilgreina. Til að koma á mótis við þá skoðun fyrirtækisins þykir rétt að senda fyrirspurn á Umhverfis- og orkustofnun og óska eftir að stofnunin leggi mat á hvert umfang þvottahús þarf að vera, svo það teljist starfsleyfisskyld.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að óska eftir skilgreiningu Umhverfis- og orkustofnunar á því hvert umfang þvottahús þurfi að vera til að það teljist starfsleyfisskyld.

4. Dagskrárliður: Ákvörðun heilbrigðisnefndar um eftirlit með leiksvæðum í Kópavogi

Lagt fram erindi BSI á Íslandi dags. 12. maí sl. þar óskað er eftir rökstuðningi fyrir ákvörðun heilbrigðisnefndar varðandi tíðni á aðalskoðun leiksvæða. Þá hefur SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu mótmælt ákvörðuninni og krefjast þess að umrædd ákvörðun heilbrigðisnefndar verði afturkölluð eða málið tekið upp að nýju.

Rætt var um gagnrýni sem fram kemur í erindi SVÞ og endurspeglast í fyrirspurn frá BSI á Íslandi. Í erindi SVÞ er því haldið fram að heilbrigðisnefnd hafi farið út fyrir heimild reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða, með því að samþykkja beiðni Kópavogsbæjar um að tíðni aðalskoðuna leiksvæða hjá bæjarfélaginu verði lengd. Slíkt sé ekki heimilt því í reglugerðinni sé vísað í að aðalskoðun eigi við um hvert og eitt tæki, eftir atvikum leiksvæði. Líkt og vísað er til í erindi SVÞ þá er heilbrigðisnefnd heimilt að ákveða lengri tíðni milli aðalskoðana, að því gefnu að aðalskoðun leiði ekki í ljós alvarleg frávík eða að rekstraraðili sinni rekstrarskoðun og bregðist við frávikum með úrbótum. Heilbrigðisnefnd metur jafnframt alvarleika frávika og hvort það þurfi að fylgja þeim eftir en það mat er í höndum heilbrigðisfulltrúa sem starfa á grundvelli reglugerðar nr. 571/2002 um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Í tilfelli Kópavogsbæjar þá liggur fyrir að innra eftirlit með leiksvæðum er virkt og það fært í rafræna rekstrarhandbók sem heilbrigðiseftirlitið hefur m.a. aðgang að. Rekstrarskoðun leiksvæða í Kópavogi fer fram á þriggja mánaða fresti og eru gerðar yfirlitsskoðanir þess á milli. Reynslan hefur sýnt að Kópavogsbær bregst við frávikum með úrbótum og fylgir jafnframt fyrirmælum og leiðbeiningum HEF. Með hliðsjón af ofangreindri reynslu af innra eftirliti Kópavogsbæjar með leiksvæðum og áreiðanleika sveitarfélagsins við úrbætur á frávikum, þá metur HEF sem svo að skilyrði 4. mgr. 14. gr. reglugerðar séu uppfyllt og umrædd tíðni aðalskoðana stuðli með nægjanlegum hætti að markmiðum reglugerðar nr. 1025/2022. Þetta mat byggir m.a. á því að þrátt fyrir nýtingu umræddrar undanþágu þá munu öll leiktæki á leiksvæðum Kópavogsbæjar fá upphafsskoðun og reglubundnar aðalskoðanir, auk virks innra eftirlits Kópavogsbæjar þess á milli og reglubundins eftirlits HEF.

Heilbrigðisnefnd felst ekki á að þeir annmarkar séu á ákvörðun nefndarinnar að ástæða sé til að afturkalla fyrri ákvörðun eða að taka málið upp að nýju. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna SVÞ ákvörðun nefndarinnar.

5. Dagskrárliður: Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir nýráðningum og breytingum í starfsmannahópnum.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ráðningarnar og óskar nýjum starfsmönnum velfarnaðar í starfi. Þá sendir heilbrigðisnefnd þeim starfsmönnum sem látið hafa af störfum kveðju og þakklæti fyrir unnin störf.

6. Dagskrárliður: Samráðsfundur vegna umhverfis, hollustu og mengunarvarna í Mosfellsbæ

Lögð fram fundargerð dags.12.05.25, frá fundi heilbrigðiseftirlits með forráðamönnum Mosfellsbæjar þeim Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Jóhanna Björg Hansen sviðsstjóri umhverfissviðs, Árni Jóns Sigfússon byggingarfulltrúi, Lárus Elíasson leiðtogi Mosveitna Frá HEF voru á fundinum, Ríkhartur F. Friðriksson deildarstjóri mengunarsviðs og Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri. Á fundinum var rætt um að umgengni á vissum svæðum væri verulega ábótavant og hætta á mengunarslysum. Þá var rætt um aðgengi íbúa að heilbrigðiseftirlitinu og að mikilvægt væri að tengja heilbrigðiseftirlitið við ábendingarkerfi Mosfellsbæjar.

Rætt var um aðgerðir s.s. að auglýsa starfsemi heilbrigðiseftirlitsins í staðarblöðum.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að efla og styrkja samskipti við íbúa og starfsmenn allra bæjarfélaga. Þannig verði samræmdar kynningar á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins kynntar í öllum bæjarfélögum.

7. Dagskrárliður: Samráðsfundur ÍSAL, Umhverfis- og orkustofnunar og HEF

Fundargerð samráðsfundar með Umhverfis- og orkustofnun, ÍSAL og Heilbrigðiseftirlitinu dags. 28.04.2025 lögð fram til kynningar. Boðað er til samráðsfundar þessara aðila einu sinni á ári þar sem farið er yfir helstu niðurstöðu umhverfismælinga og vöktunar síðasta árs.

Heilbrigðisnefnd þakkar kynninguna.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 30.04.2025

Fundargerð afgreiðslufundar frá 30.04.2025 lögð fram til kynningar og samþykktar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 7. maí 2025

Fundargerð afgreiðslufundar frá 7. maí 2025 lögð fram til kynningar og samþykktar.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 14. maí 2025

Fundargerð afgreiðslufundar frá 14. maí 2025 lögð fram til kynningar og samþykktar.

JH.







11. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 21. maí 2025

Fundargerð afgreiðslufundar frá 21. maí 2025 lögð fram til kynningar og samþykktar.

Undirskrift fundargerðar



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður



Örvar Jóhannsson varamaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

56. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 30.4.2025

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Strandgata 90 Hafnarfirði - Ægir 220 ehf - tækifærisleyfi - umsögn
2. Kópavogsbraut 115 Kópavogi - hársnyrtistofa - skráning
3. Burknaveilir 5B Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi
4. Suðurhraun 2b Hafnarfirði - dekkjaverkstæði - starfsleyfi
5. Nýbýlavegur 14 Kópavogi - nuddstofa - skráning
6. Bæjarhraun 24 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
7. Vatnsendahæð Kópavogi - niðurrif mannvirkja - skráning

1. Strandgata 90 Hafnarfirði - Ægir 220 ehf - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Ægir 220 ehf., kt. 670723-0890 dags. 28.04.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik þann 09.05.2025 og 10.05.2025 frá kl. 19:00 - 02:00 í Ægir 220 ehf., Strandgötu 90 Hafnarfirði. Áæ. gestafjöldi 250 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 10.01.2025. Staðfesting á pöntun á aukasalernum barst HEF 29.04.2025. *Jákvæð umsögn staðfest.*

2. Kópavogsbraut 115 Kópavogi - hársnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Benedikts Októ Bjarnasonar f.h. Rakarastólinn ehf., kt. 470421-1850 dags. 22.04.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Kópavogsbraut 115 Kópavogi. Fasteignanúmer F2063654. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 06.03.2023. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning samþykkt.*

3. Burknaveilir 5B Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Öldu Karenar Rúnarsdóttur kt. 030792-2549 dags. 28.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu 6-10 börn að Burknaveilum 5B Hafnarfirði. Fasteignanr. F2262355. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.04.2025 *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

4. Suðurhraun 2b Hafnarfirði - dekkjaverkstæði - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ágústu Steingrímsdóttur f.h. Bílaútleigan ehf / Betri Dekk., kt. 470425-0910 dags. 09.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dekkjaverkstæði að Suðurhrauni 2b Hafnarfirði. Fastanr. F2232212. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.04.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Nýbýlavegur 14 Kópavogi - nuddstofa - skráning

Lögð fram umsókn Sirrýjar Katrínar Guðjónsdóttur f.h. Sense ehf., kt. 680224-0480 dags. 07.04.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir nuddstofu að Nýbýlavegi 14 Kópavogi. Fasteignanúmer F2226598. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.04.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

6. Bæjarhraun 24 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Baldurs Gunnarssonar f.h. RaBa ehf., kt. 450301-3530 dags. 25.03.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Bæjarhrauni 24 Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 01.04.2025. Sent á byggingarfulltrúa dags. 26.03.2025. Jákvætt svar 27.03.2025.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Vatnsendahæð Kópavogi - niðurrif mannvirkja - skráning

Lögð fram umsókn Bjarka Más Gunnarssonar f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759 dags. 17.03.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi á Vatnsendahæð Kópavogi. Fasteignanúmer F2066735.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.03.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt frá 25.04.2025 til 01.09.2025.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

57. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 7.5.2025

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Hlégarðstún Mosfellsbæ - tækifærisleyfi - umsögn
2. Hörðukór 5 Kópavogi - daggæsla - starfsleyfi
3. Kaplakriki Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
4. Hamraborg 1 Kópavogi -læknastofa - starfsleyfi
5. Iðnbúð 5 Garðabæ - nuddstofa / snyrtistofa
6. Smáratorg 1 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi
7. Stakkahraun 1 Hafnarfirði - dýralæknastofa - starfsleyfi
8. Skútahraun 9a, Hafnarfjörður - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

1. Hlégarðstún Mosfellsbæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Arons Vals Gunnlaugssonar kt. 260506-2690 dags. 05.05.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik þann 15.08.2025 frá kl. 19:00 - 23:00 á Hlégarðstúni Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 350 manns.

Tölvupóstur dags.06.05.2025.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Hörðukór 5 Kópavogi - daggæsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Bergdísar Mjallar Rúnarsdóttur f.h. Trausta Kristinssonar, kt. 161273-4229 dags. 27.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu 5-10 börn að Hörðukór 5 Kópavogi. Fasteignanr. F2285780. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 7.05.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3. Kaplakriki Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Boxfit ehf., kt. 420718-0550 dags. 29.04.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir viðburð þann 13.06.2025 frá kl. 18:00 til kl. 00:00 í Kaplakrika, Hafnarfirði. Áæ. gestafjöldi 2500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4. Hamraborg 1 Kópavogi -læknastofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hjartar Haraldssonar f.h. Hjörtur Haraldsson slf., kt. 530721-2050 dags. 25.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir læknastofu að Hamraborg 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2061189. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.05.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. lðnbúð 5 Garðabæ - nuddstofa / snyrtistofa

Lögð fram umsókn Amera Jnabi f.h. Lava Nudd ehf., kt. 690125-1290 dags. 01.04.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir nudd- og snyrtistofu að lðnbúð 5 Garðabæ. Fasteignanr. F2070962. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.23.04.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Smáratorg 1 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurðar Elí Bergsteinssonar f.h. Vefjan veitingar ehf., kt. 630523-2300 dags. 18.03.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Smáratorgi 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2237876. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.3.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

7. Stakkahraun 1 Hafnarfirði - dýralæknastofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Berglindar Guðbrandsdóttur f.h. Dýralæknastofu Hafnarfjarðar kt. 660907-1570 dags. 20.02.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dýralæknastofu að Stakkahrauni 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079275. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.03.2025 og dags. 07.05.2025.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 4.03.2025. Jákvætt svar dags. 10.04.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Skútahraun 9a, Hafnarfjörður - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Halldóru Eldjárn f.h. Úlfatími ehf., kt. 650923-2780, dags. 28.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Skútahrauni 9a Hafnarfirði, fasteignanr. F2078853. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.04.2025.Jákvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 10.04.2025.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

58. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 14.5.2025

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Rikharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Strandgata 90 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
2. Vallakór 12-14 Kórin - grunnskóli - starfsleyfi
3. Í landi Ness Seltjarnarnesi - veitingaleyfi - umsögn
4. Hagasmári 1 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
5. Nýbýlavegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi
6. Reynigrund 49 Kópavogi - sauna - starfsleyfi
7. Langamýri 59 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi

1. Strandgata 90 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Ægir 220 ehf., kt. 670723-0890 dags. 06.05.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika þann 23.05.2025 - 24.05.2025 frá kl. 19:00 - 02:00 að Strandgötu 90 Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 250 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Vallakór 12-14 Kórin - grunnskóli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ingu Sigurðardóttur f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags. 10.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Kóraskóla, grunnskóla að Vallakór 12-14 Kópavogi. Fasteignanr. F2296585. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla hollustuhættir dags. 13.5.2025. Eftirlitsskýrsla matvæli dags. 14.05.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlunar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Í landi Ness Seltjarnarnesi - veitingaleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Nordic Fusion ehf., dags. 29.04.2025 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Veitingaleyfi í flokki II - A Veitingahús í fl. II í Ness, í landi Ness 1 Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2068878.

Jákvæð umsögn staðfest.

4. Hagasmári 1 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Rósant Friðriks Skúlasonar f.h. Flæði ehf., kt. 560398-2719 dags. 05.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hagasmára 1 Kópavogi. Fastanr. F2227650/U-251. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlunar er starfsleyfi samþykkt.

5. Nýbýlavegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Gunnar Sveinsdóttur f.h. Bónus kt. 450199-3389 dags. 25.02.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Nýbýlavegi 2 Kópavogi. Fasteignanr. F2064380. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 14.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Reynigrund 49 Kópavogi - sauna - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Gylfa Jónssonar kt. 230383-3329 f.h. Herjólfsgufan dags. 08.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir færanlega sauna, sem staðsett verður við Herjólfsgötu Hafnarfirði. Lögheimili að Reynigrund 49, Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.05.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs.

7. Langamýri 59 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Péturs Breka Blöndal Haraldssonar f.h. Djúsi ehf., kt. 490924-1910 dags. 19.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla, lögheimili að Löngumýri 59 Garðabæ. Dreifing frá vöruhúsi Eimskipa. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi hafnað þar sem ekki hafa borist gögn sem óskað er eftir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

59. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 21.5.2025

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinsson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir; Karitas Róbertsdóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Borgarhólsbraut 19 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn
2. Borgarhólsbraut 19 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn
3. Hafnarfjarðarvegur 1 Garðabæ - söluturn - tóbaksleyfi
4. Smáratorg 1 Kópavogi - lyfjaverslun - starfsleyfi
5. Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning
6. Víðistaðaðatún Hafnarfirði - Víkingahátíð - tímabundið starfsleyfi
7. Nýbýlavegur 14, Kópavogi - snyrtistofa - starfsleyfi
8. Hjallahraun 9 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
9. Nýbýlavegur 14, Kópavogi - naglasnyrtistofa - starfsleyfi
10. Melabraut 11 Hafnarfirði - söluturn - tóbaksleyfi
11. Bæjarhraun 2 Hafnarfirði - brauð og kökugerð - starfsleyfi
12. Víðistaðaðatún Hafnarfirði - Víkingahátíð - tækifærisleyfi - umsögn
13. Álalind 16 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
14. Leirutangi 25 Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
15. Uglugata 44b Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
16. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi
17. Nýbýlavegur 32 Kópavogi - gistileyfi - umsögn
18. Askalind 4 Kópavogi - Avita ehf -dreifing matvæla - starfsleyfi

1. Borgarhólsbraut 19 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Kársnes ehf., kt. 560119-2830 dags. 19.05.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir útgáfutónleika þann 30.05.2025 frá kl. 19:00 - 22:00 í Mossley Borgarhólsbraut 19 Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Borgarhólsbraut 19 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Kársnes ehf., kt. 560119-2830 dags. 19.05.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir útihátíð þann 31.05.2025 frá kl. 11:00 - 23:30 í Mossley Borgarhólsbraut 19 Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 300 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Hafnarfjarðarvegur 1 Garðabæ - söluturn – tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Signýjar Óladóttur f.h. Olís ehf., kt. 500269-3249 dags. 16.05.2025 þar sem sótt er um nýtt tóbaksleyfi fyrir söluturn að Hafnarfjarðarvegi 1 Garðabæ. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.05.2025.

Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

4. Smáratorg 1 Kópavogi - lyfjaverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ingibjargar Arnardóttur f.h. Lyfja hf., kt. 531095-2279 dags. 06.05.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir lyfjaverslun að Smáratorgi 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2237876. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Ragnars Jónassonar f.h. Fade Factory ehf /Basic barbershop, kt. 601123-0100 dags. 02.05.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Fjarðargötu 13-15 Hafnarfirði. Fasteignanúmer F2223445. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.5.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning samþykkt.

6. Víðistaðaðatún Hafnarfirði - Víkingahátíð - tímabundið starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sölu Jóhannsdóttur f.h. Rimmugýgur, áhugamannafélag., kt. 700497-2409 dags. 05.05.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Víkingahátíð Strandgötu 6 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079433. Tímabundið starfsleyfi. Eftirlitsskýrsla dags. 19.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt frá 11.06.2025 - 19.06.2025.

7. Nýbýlavegur 14, Kópavogi - snyrtistofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kristina Visinskiene kt. 040783-2539 dags. 28.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Nýbýlavegi 14 Kópavogi. Fasteignanr. F2064405. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.5.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Hjallahraun 9 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ólafs Sverris Jakobssonar f.h. Meistari Jakob ehf., kt. 690416-1580 dags. 05.05.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hjallahrauni 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075710. Breyting á húsnæði. / ný starfsemi ?

Eftirlitsskýrsla dags. 21.05.2025. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 14.05.2025. Jákvætt svar 21.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

9. Nýbýlavegur 14, Kópavogi - naglasnyrtistofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Vitalija Averkina kt. 181182-2109 dags. 28.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir naglasnyrtistofu að Nýbýlavegi 14 Kópavogi. Fasteignanr. F2064405. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.5.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

10. Melabraut 11 Hafnarfirði - söluturn - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Kristins Geirs Þorgeirssonar f.h. Sæblik ehf., kt. 600694-2199, dags. 24.04.2025 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir söluturninn Holtanesti að Melabraut 11 Hafnarfirði. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.05.2025

Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

11. Bæjarhraun 2 Hafnarfirði - brauð og kökugerð - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Beata Dzieszuta f.h. Sweet Rose ehf., kt. 411024-0590 dags. 23.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir brauð- og kökugerð að Bæjarhrauni 2 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2323258. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 14.05.2025. Bréf, sent byggingarfulltrúa dags.14.05.2025. Jákvætt svar dags. 21.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. Víðistaðaðatún Hafnarfirði - Víkingahátíð -tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Rimmugýgur, kt. 700497-2409 dags. 07.04.2025 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Víkingahátíð í Hafnarfirði þann 13.06.2025 - 17.06.2025 frá kl. 10:00 - 22:00 og 18.06.2025 frá kl. 10:00 -16:00. á Víðistaðatúni Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 20.000 manns.

Minnispunktur dags.19.05.2025.

Jákvæð umsögn staðfest.

13. Álalind 16 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Snæþórs Guðjónssonar f.h. Triple ehf., /Vitamín kt. 460220-0760 dags. 17.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla, lögheimili að Álalind 16 Kópavogi. Fastanr. F2506945. Ný starfsemi. Dreifing frá Gorilla vöruhús.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

14. Leirutangi 25 Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Rafns Franklins Hrafnssonar f.h. GGR ehf., kt. 411020-1690 dags 09.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Leirutanga 25 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2297084. Dreifing frá Gorilla vöruhúsi. Breyting á starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.5.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

15. Uglugata 44b Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Jóhanns Eymundssonar f.h. Skýjavötn ehf., kt. 630522-0210 dags 30.03.2025 og 02.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Uglugötu 44b Mosfellsbæ. Fasteignanr.F2521982. Dreifing frá vöruhúsi Gorilla. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.5.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

16. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sölva Ólasonar f.h. Oatme ehf., kt. 590325-3410 dags. 14.03.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu matvæla að Nýbýlavegi 8 Kópavogi. Fasteignanr. F2064397.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.5.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

17. Nýbýlavegur 32 Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisins f.h. Lundur Apartments ehf., kt. 550523-0860 dags. 19.12.2024 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðar í flokki II - G íbúðir í Lundur apartments Nýbýlavegi 32 Kópavogi. Fasteignanr. F2522274

Eftirlitsskýrsla dags. 13.01.2025.ATH! Neikvætt svar byggingarfulltrúa 9.5.25.

Neikvæð umsögn, þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.

18. Askalind 4 Kópavogi - Avita ehf -dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Írisar Gunnarsdóttur f.h. Avita ehf., kt. 6510191760 dags. 13.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Askalind 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2238048. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 21.5.2025.

Með vísan til matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.